

Þórarinn Torfason

Skuggar
í
spegli

I

BÍÐUR ENN

Þú

bíður

eftir draugunum

sem sögðust

ætla að koma

og taka þig með sér

en hafa ekki enn

látið sjá sig

SKRÖLT Í KEÐJUM

Gelt hundanna

í rökkrinu

og skröltið

í keðjunum

minnir á

aðra hunda

aðra hlekki

sem þekktum

eitt sinn

SÁ SEM SNIGLAST

Vona

að sá sem

sniglast fyrir utan

finni ekki

leið yfir girðinguna

sem umlykur

hús mitt og garð

ORÐ STORMSINS

Og

stormurinn

hvíslar

í eyra þér

orðunum

sem mátt

ekki heyra

MARMARAFÓLKID

Er þú nálgast
marmarafólkið
brýtur það
hjúpinn af sér
til þess eins
að steypa þig
í sama mót

FUGLAR

Smágerðir fuglarnir
sem flögra um
hús þitt
minna þig
ævinlega
á flugurnar
sem þeir
voru áður

MYND

Strýk hellisvegginn
og fingurnir
skilja eftir sig
mynd dýrsins
sem ég veiddi ekki

HÁVAÐI AÐ KVÖLDI

Heyrir
í kvöldsvalanum
og logninu
sverðaglamur
frá bardaga
sem kemur þó
ekki auga á
hvernig sem
svípast um

BERGMÁL

Fótspor þín
bergmála enn
í stiganum
eftir öll hlaupin
upp og niður
fyrir svo óralöngu

SLÁTTUR

Í biksvartri
nóttinni
berst
þér til eyrna
þungur
sláttur
hjartans
sem glataðir
forðum

Á BAKKANUM

Stendur loks
á bakkanum
eftir langa
og stranga göngu

Hikar um stund
áður en gengur
út á vatnið

ÁÐUR EN

Virði fyrir mér beinin
sem hef dreift
um gólfíð
áður en ég slekk ljósin

Verða horfin er kveiki á ný

KASSAR

Langar ekki
að opna kassana
sem hafa fylgt mér
svo lengi

Óttast
það sem þeir geyma

VEIT EKKI

Veit ekki
hvar þið fenguð
leyfi til að
frelsa mig
úr þrisundinni

Hafið ekki
enn svarað
aldagamalli
spurningu minni

STEINN

Enginn má
hrófla við
steininum
í miðju þorpsins

sem allir
krjúpa við
að morgni
og snerta

DRAUMAGLEYPÍR

Færð aldrei nóg
af draumum
sem verða
á vegi þínum

Gleypir þá
hvern af öðrum

GAMALL JAKKI

Fer í
gamla jakkann
og finn
forna sálina
smeygja sér
inn í mig

enn einu sinni

VINDUR

Fangar vindinn
sem kemur frá
sólinni

Berst
með honum
á vit draumanna

FEIMNISLEGT BROS

Brosi
feimnislega
áður en
dreg sverð
úr slíðrum

Hegg til þín
svo handleggir
og höfuð
fjúka af

VEIÐIMAÐURINN

Veiðimaðurinn
sem skilur eftir sig
blóðuga slóð
leitar þín
sem tekst ávallt
að komast undan

líkt og gufi upp
er hann nálgast

Á TINDI

Stend á tindi fjallsins
eina tungljarta nótt

Reyni að tala
við stjörnurnar

Þær svara ekki

STYTTUR

Fornar stytur
sem hefur safnað svo lengi
segja endalausar sögur

Þær muna allt

LEIKFÖNG ÆSKUNNAR

Leikföng æskunnar ásækja þig

Krefjast þess að þú munir
hvert og eitt einasta

hvar þú fékkst þau
hver gaf þér þau
hvernig þú lékst með þau
hvað varð um þau

En manst fá

ef nokkur

SKÓR

Er hefur ráfað stefnulaust um
svo lengi að manst ekki hvenær
né hvaðan lagðir upp

þá
en ekki fyrir
sérðu að þú ert í röngum skóm

Ekki þínum
heldur einhvers annars

og of stórum í þokkabót

GAMALL MAÐUR MEÐ STAF

Gamli maðurinn með stafinn
gengur inn í enn eitt þorpið
þar sem honum mætir aðeins
tómleiki og þögn

Enginn tekur á móti honum
né heilsar

Hann heldur því
áfram göngu sinni
eins og hefur gert um aldir

Einhversstaðar einhverntíma
verður hann boðinn velkominn

NAFN HENNAR

Hrópa nafn

hennar

sem þekki ekki

yfir hópinn

sem hef aldrei séð

og hún

horfir á mig

undrandi

jafnvel skelfingu lostin

HANN LÍÐUR UM

Hann líður um
og segir eitthvað sem þú skilur ekki

Ert ekki viss hvort rödd hans
sé svona óskýr eða hann mæli
á framandi tungu

Er lyftir höndum
til merkis um að þú skiljir ekki
svífur hann upp
 sem fugl eða blaðra
og hverfur til himins

FYLGJA

Fylgi þér alla tíð

en breyti um lögun

eftir tíma dags

annar að nóttu en degi

og árstíðum

önnur að vori en hausti

Þú

tekur ekki eftir mér

UNDRUN

Stendur undrandi í brú
á skipi sem svífur
um geiminn

Ætlaðir þó ekki
ekki í geimsiglingu

heldur róa til fiskjar
bara stutt frá landi samt

LOKAÐAR DYR

Hvert sem ég sný mér
og hvert sem ég horfi

lokaðar dyr
sem veit ekki
hvernig né hvort
get opnað

og kemst aldrei að

MÁLNINGIN

Málningin
á veggjunum
flagnar af

Í ljós koma
steinar
sem hjóst til
forðum

Veist hvað
faldir milli þeirra

HENDUR TEYGJA SIG

Til mín

teygja sig hendur

líkt og vilji faðma

en ég

hrökklast undan

Veit að losna aldrei

úr banvænu

faðmlaginu

SVIK

Þeir
munu svíkja þig

fyrir eða síðar

og
senda kúlu
í hnakkann
enn á ný

ORDID

Geymi

orðið sem mér

var gefið forðum

læst inni í

traustum skáp

Óttast

afleiðingarnar

sleppi það út

NAFN ÞITT

Þekkti
nafn þitt
fyrir löngu

Geri það
ekki lengur

Þó sjái
skugga þínum
bregða fyrir
af og til

BÁTUR

Stendur í fjörunni

Fylgist með bátnum
sem á að flytja þig
yfir hafið

Hann
þokast ekki nær

Á SKIPI

Á höfuð mitt setjast fuglar

segja sögur af því þegar

þeir voru sjómenn

og fuglarnir settust á

höfuð þeirra

uppfullir af sögum

ENN EINU SINNI

Stendur

enn einu sinni

frammi fyrir mér

með hnífinn í hendinni

Veltir fyrir þér

hvar eigir

að stinga

í þetta sinn

ÞOKAN

Þokan sem lagðist
yfir borgina
leyfði draugunum
að ráfa um

skamma stund
áður en
kallaði þá til sín á ný

Hvarf
til annarrar borgar

RATAR EKKI

Ratar
ekki til baka

Þangað
sem þú átt heima

Þaðan
sem þú komst

Reikar því um
framandi staðinn
sem lentir á
alveg óvart

II

SPEGILLINN

hefur staðið
á sama stað
um aldir

Sé stundum
skugga
bregða fyrir
í honum

DRAUMAR ÞEIRRA

snertast næstum

Strjúkast

hver utan í annan

GEKK

berfættur
yfir landið

Skildi eftir
blóðug spor

KASTAR KVEÐJU

á þá sem mætir

Þeir

taka ekki undir

Efast um

að sjái þig

DANSINN

svo seiðandi

að þú óskar

þess

heitast

að geta

tekið þátt

VIÐ

sem féllum

forðum

komum aftur

þó síðar verði

DRAUMARNIR

fullir af fólki
sem þekki ekki

og langar
ekki að kynna

HIMININN GRÆTUR

meðan við

leitum þess

sem finnum

líklega

aldrei

BLÓMIN

sem hann
hugðist gefa henni
urðu að steinum
um leið og hún
leit á þau

HEYRI

gegnum

vindgnaðið

öskur

sem líður hjá

DÚKKAN GLOTTIR

áður en hún
stingur þrjóni
í brjóst sitt

Þú finnur
sáran verk í þínu

ÓVÆTTIR

sem legið

hafa svo lengi

í dvala

vakna

er skynja

fótatak þitt

EKKI VISS

hvaðan þú kemur

Held þó hafir
stokkið úr draumi

til þess eins
að ofsækja mig

FINNUR

á ferð þinni

um tímann

stykkin

sem þig vantar

Eitt og eitt í einu

ANDI

fuglsins
hangir í loftinu
löngu eftir
að hann
er floginn hjá

